

## 3. bekkur - Kennsluáætlun í stærðfræði.

Kennarar: Arna Björk Sæmundsdóttir; Jón Heimir Hreinsson

3

### Lýsing

Kennsluáætlun í stærðfræði fyrir 3. bekk haust 2018.

### Markmið:

Vika	Námsefni	Annað
2.Skólasetn. /Viðtöl 23.-24. ágúst	Ýmis ljósrit og upprifjun	
27.-31.ágúst	Ýmis ljósrit og upprifjun. Kafli 1 í Sprotu 3a.	
3. sept. – 7. sept.	Sproti 3a, kafli 1 og byrjað á kafla 2.	
10. -14. sept.	Sproti 3a, kafli 2, þriggja stafa tölur.	
17. sept. – 21. sept.	Sproti 3a, kafli 2.	Húrrahefti
24.-28. sept.	Sproti 3a kafli 2. Byrjað á kafla 3, mælingar.	
1.-5. okt.	Sproti 3a höldum áfram með kafla 3 um mælingar.	Húrrahefti
8.-12. okt.	Sproti 3a, byrjum á kafla 3 mælingar.	
15.-19. okt.	Sproti 3a höldum áfram með kafla 3	Húrrahefti
22. -26. okt.		
Vetrarfrí 18. og 19. okt.	Sproti 3a klárum kafla 3.	
29. okt.- 2. nóv.	Sproti 3a, Byrjum á kafla 4 um klukkuna.	Húrrahefti
5.-9. nóv.		
8. baráttud. gegn einelti	Sproti 3a, unnið áfram með kafla 4 ásamt ýmsum öðrum verkefnum í tengslum við klukkuna.	Húrrahefti
12. – 16. nóv.		
16. Dagur ísl. tungu	Sproti 3a, ljúkum kafla 4 og byrjum á kafla 5 um rúmfræði.	
19. – 23. nóv.	Sproti 3a, kafli 5.	Húrrahefti
26.-30. nóv.	Sproti 3a, ljúkum kafla 5 og byrjum á kafla 6 um margföldun.	Stefnum á margföldun.
3. -7. des	Sproti 3a, vinnum áfram með kafla 6 um margföldun.	Stefnum á margföldun.
10. -14. des.	Sproti 3a, vinnum kafla 8 um samhverfur.	

17.-21. Des	Sproti 3a, ljúkum kafla 6 um margföldun.	
Litlu jólin 20. des		
3.-4. jan.		
7. -11. jan.	Upprifjun, ýmis verkefni.	Húrrahefti.
10.jan foreldraviðtöl		Stefnum á margföldun.
14.-18. jan.	Miðsvetrarpróf	

### Námsefni:

Sproti 3a nemendabók og æfingahefti. Húrrahefti, Í Undirdjúpunum, Stefnum að margföldun og deilingu og ýmis verkefni frá kennurum.

### Námsmat:

Kannanir í hverjum námsþætti ásamt miðsvetrarprófi í janúar og lokaprófi í maí. Talnalykill lagður fyrir í október.

### G.Í. Stærðfræði 3. bekkur - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Að nemandi geti tekið þátt í umræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði
- Að nemandi geti leyst stærðfræðiþrautir þar sem þeir nota áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir
- Að nemandi geti sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi

### G.Í. Stærðfræði 3. bekkur - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Að nemandi geti notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra
- Að nemandi geti notað hentug verkfæri til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum
- Að nemandi geti túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál
- Að nemandi geti tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni

### G.Í. Stærðfræði 3. bekkur - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Að nemandi geti kannað og rannsakað með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með áþreifanlegum gögnum
- Að nemandi geti undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði
- Að nemandi geti lesið og rætt um einfaldar upplýsingar þar sem stærðfræðihugtök eru notuð
- Að nemandi geti notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og geri sér grein fyrir verðgildi peninga
- Að nemandi geti unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna

### G.Í. Stærðfræði 3. bekkur - Tölur og reikningur

- Að nemandi geti notað náttúrulegar tölur að þúsund, raðað þeim og borið saman
- Að nemandi geti margfaldað og deilt
- Að nemandi geti notað tugakerfisrithátt
- Að nemandi geti leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi á margvíslegan hátt

- Að nemandi geti reiknað með náttúrlegum tölum að þúsund á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt

### G.Í. Stærðfræði 3. bekkur - Algebra

- Að nemandi geti kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti

### G.Í. Stærðfræði 3. bekkur - Rúmfræði og mælingar

- Að nemandi geti notað hugtök úr rúmfræði s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu
- Að nemandi geti mælt ólíka mælieiginleika s.s. lengd, flöt, þyngd og tíma með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða
- Að nemandi geti gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu
- Að nemendur geti speglað
- Að nemandi geti unnið með mælikvarða og lögun

### G.Í. Stærðfræði 3. bekkur - Tölfræði og líkindi

- Að nemandi geti safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið
- Að nemandi geti talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit
- Að nemandi geti tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit bæði eigin og annarra